# Forsætisráðherra, ýmislegt 1968 – 1970, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Efnahagsstofnunin – Bjarni B. Jónsson – Skráning atvinnulausra í Reykjavík 1929-1969 – Krabbameinsfélag Íslands – Brjóstsykurgerðin Nói – Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík – Borgarsjóður – Suðurland – Landsmálafélagið Vörður – Norræna Félagið

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-38, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

EFNAHAGSSTOFNUNIN
LAUGAVEGUR 13 · REYKJAVÍK · N
SÍMI 20520

9/1-70

Til: dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra
Frá: Bjarna B. Jónssyni
Efni: Forsíðugrein Þjóðviljans í gær og ritstjórnargrein í dag um atvinnuleysið.

Útreikningar Þjóðviljans og talnameðferð hefur verið yfirfarin hér í stofnuninni. Í meðfylgjandi athugasemdum, sem teknar eru saman af Jóni Sigurðssyni, deildarstjóra, er gerð grein fyrir því sem er athugavert við tölulegar staðreyndir. Má, ef vill, vísa til þess sem athugasemda stofnunarinnar.

Við þetta vildi ég mega bæta athugasemdum um túlkunarviðhorf, þ.e. um mat á því, sem tölurnar segja um atvinnuástandið.

1. Tímasamanburður. Þjóðviljinn einskorðar sig við samanburð áranna 1968 og 1969 hvors um sig sem heildar. Þetta er hins vegar ekki þýðingarmesti tímasamanburðurinn, heldur hitt hvert stefnir með atvinnuleysið á hverjum tíma. Árið 1968 var ljóst og er staðfest af reynslunni, að stefndi í krappari kjör atvinnuvega og launafólks og minnkandi fjárfestingarframkvæmdir. Af ýmsum ástæðum, þ.á.m. árstíðabundnum, féll hámark atvinnuleysisins á árið 1969. En á því ári og ekki sízt nú eru menn samdóma um, að stefnir upp úr öldudalnum, og að fjárfestingin muni taka við sér í vaxandi mæli, haldi það áfram að fara saman, að launþegar fái hæfilega kjarabót og atvinnuvegirnir þrífist eigi að síður.

2. Vinnutjón atvinnuleysis og verkfalla. Skipting vinnutjóns milli þessara þátta er formlegs eðlis. Hins vegar er ljóst, að starfsfólk í grein eins og fiskvinnslu getur orðið atvinnulaust af völdum verkfalls á flotanum, svo sem var í byrjun ársins 1969. Óbein áhrif verkfalla vegna vanbúnaðar að hefjast handa í fullum rekstri og vegna minni kaupgetu fólks á eftir að vara enn lengur. Skipting vinnutjóns í þessa þætti er því alls ekki einhlít.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. <u>Árstíðasveifla sjávarútvegs og bygginga</u> hefur orðið stórum illvígara vandamál síðustu árin vegna síldarbrestsins, svo og vegna hafíss og örðugrar veðráttu. Þetta eru að miklum hluta rekstrarvandamál ákveðinna atvinnugreina, en aðeins að litlu leyti sama eðlis og slakt efnahagsárferði, sem stjórnvöld geta fengist við með almennum hagstjórnartækjum. Hér er um að ræða meiri háttar vandkvæði þess að treysta í svo ríkum mæli á sjávarútveginn. En í byggingarstarfseminni hefur farið saman árstíðasveifla, sem reynsla er af í öðrum norðlægum löndum og hagsveiflan, er stendur í sambandi við mjög miklar framkvæmdir áður.

4. <u>Raunveruleg þýðing vinnutjónsins</u> er að sjálfsögðu ýkt stórlega, enda þótt því beri ekki með öllu að neita. Bent hefur verið á almennari skráningu, svo að jafnvel hin venjulega lægð, sem verið hefur áður í sjávarútvegi og byggingum víða um landið kemur nú fram í skráningunni. Auk þess eru atvinnuleysisbætur orðnar að meira eða minna leyti framfæri lítt vinnufærs fólks, sem e.t.v. ætti að réttu að fá aukna aðstoð frá tryggingum eða léttan starfa í takmörkuðum mæli. Að hugsa sér að byggja að öðrum kosti "10 fullkomna skuttogara", er fráleitur samanburður.

5. <u>Svigrúm stjórnvalda til aðgerða</u>. Það er stutt skrefið milli þess að telja atvinnuleysi að vissu, vægu marki vera skiljanlega og illviðráðanlega meinsemd og að vera talinn bera ábyrgð á því. Meðan áföllin voru að gerast, var ekki hægt að forðast nokkra rýrnun atvinnu, hvaða ráðum sem reynt hefði verið að beita. En eftir að rétt hefur verið að verulegu leyti við í rekstri undirstöðuatvinnuvega og aðstöðunni út á við, er álitamál, hvort hið opinbera geti gert öflugri almennar ráðstafanir til þess að auka eftirspurn, svo sem með því að rýmka lánakjör, stuðla að meiri opinberri fjárfestingu o.þ.h. Möguleiki til endurþenslu eftir þessum leiðum ætti að vera og mun að sjálfsögðu verða til almennrar athugunar nú við upphaf ársins. En hagfræðingar munu samdóma um, að mestu óvissuatriðin, er standa í veginum fyrir að taka vissri áhættu að þessu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyti, stafi einmitt af óvissum horfum á útkomu kjarasamninga á komandi vori. En sú niðurstaða mun ráða miklu um þann bás, sem raunverulegri þenslu væri markaður. Þannig eru það ekki stjórnvöld, sem standa í veginum fyrir markvissari viðleitni til þenslu og hagvaxtar, heldur hin stríðandi öfl stétta og hagsmunahópa, er enginn veit fyrirfram, hvort takæt muni á af raunsæi og fyrirhyggju eða hið gagnstæða.

Samrit:
dr. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptaráðherra
Jónas H. Haralz, bankastjóri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EFNAHAGSSTOFNUNIN 9/1/1970.

Nokkrar athugasemdir við forsíðufrétt Þjóðviljans 8/1/70.

"Hrikalegasta atvinnuleysisár til þessa:
600 þúsund dagar tapaðir vegna atvinnuleysis 1969."

1. Í upphafi meginmáls fréttarinnar segir: "Síðastliðið ár voru að jafnaði 2313 atvinnuleysingjar í hverjum mánuði ársins.....".
Þessi tala er í ósamræmi við mánaðartölurnar, sem birtar eru síðar í fréttinni, rétt hermdar skv. skýrslum félagsmálaráðuneytisins, en meðaltal mánaðartalnanna er 1980 árið 1969, eða rúmlega 14% lægra en talan, sem Þjóðviljinn notar.

2. Í fréttinni segir: "Samtals töpuðust vegna atvinnuleysis á síðasta ári um 600 þúsund vinnudagar á Íslandi og er þetta án efa mesta atvinnuleysisár sem dunið hefur yfir íslenzku þjóðina."
Fyrri staðhæfingin um fjölda tapaðra vinnudaga er ekki fjarri lagi. Sé miðað við 300 vinnudaga á ári og meðaltölu atvinnulausra 1980, fæst talan 594 þúsund vinnudagar. Síðari staðhæfingin orkar hins vegar tvímælis. Nú er örðugt um allan sögulegan samanburð í þessu efni fyrir landið í heild, en tölur um ársfjórðungslega skráningu atvinnulausra manna eru til fyrir Reykjavík frá árinu 1929 til þessa dags. Skráningarhættir hafa án efa breyzt á þessum fjórum áratugum, og þá þannig, að skráningin nær til fleiri starfshópa á síðari árum. Yfirlit yfir atvinnuleysisskráningu í Reykjavík 1929-1969 fylgir hér með. Af yfirlitinu má sjá, að atvinnuleysisskráningin var nær tvöfalt hærri sem hlutfall af íbúatölu Reykjavíkur kreppuárin 1932 til 1936, en skráningin á árinu 1969. Við þennan samanburð er rétt að hafa í huga, að skráningin er nú víðtækari en þá var auk þess sem auknir hagsmunir eru henni tengdir með atvinnuleysisbótunum og loks, að sennilegt virðist, að í þá daga hafi skráning þótt félagslega niðrandi, en slíkt mat er nú (vonandi) breytt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Síðar í fréttinni er gerður samanburður á tölum um atvinnuleysi í Reykjavík á tímabilinu september - desember 1968 og 1969 og birt eftirfarandi tafla:

| " | 1968 | 1969 |
|---|---|---|
| September | 52 | 393 |
| Október | 48 | 364 |
| Nóvember | 91 | 515 |
| Desember | 344 | 483 " |

Og eru þessar tölur taldar sýna, hvað aukning atvinnuleysins sé stórfelld milli áranna 1968 og 1969. Hér er ekki farið rétt með tölur, og veldur villan því, að breytingin er sýnd meiri en hún raunverulega er og aukning sýnd í desember, þar sem þó varð minnkun að réttu lagi. Villan liggur í því, að fréttaritarinn ber saman tölur frá fyrsta degi hvers mánaðar 1968 og frá síðasta degi hvers mánaðar 1969, réttur er samanburðurinn þannig:

| | 1968 | 1969 |
|---|---|---|
| Septemberlok | 48 | 393 |
| Október " | 91 | 364 |
| Nóvember " | 344 | 515 |
| Desember " | 545 | 483 |

Hér er að vísu um verulega aukningu að ræða einkum í september og október en mun minni aukning er í nóvember og minnkun í desember.

4. Í fréttinni segir ennfremur: "á árinu töpuðust 220 þúsund dagar...... vegna vinnudeilna-...."

Hér er ekki farið rétt með tölur. Réttari tala væri (sbr. fréttabréf Kjararannsóknarnefndar nr.14,1969) u.þ.b. 140 þúsund vinnudagar, og er þar eingöngu miðað við félaga í þeim verkalýðsfélögum, sem beinlínis voru í verkfalli.

5. Í niðurlagi fréttarinnar segir:
".... ber að hafa í huga í fyrsta lagi að á annað þúsund Íslendinga hafa verið við störf erlendis um lengri eða skemmri tíma frá miðju síðasta ári. Í öðru lagi ber að gæta þess, að í mörgum tilfellum hafa menn glatað bótarétti atvinnuleysisbóta vegna þess, að þeir hafa verið of lengi atvinnulausir samfellt!"

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um fyrri staðhæfinguna - en hún, eða henni líkar fullyrðingar, er endurtekin í leiðara Þjóðviljans þennan sama dag - má segja, að þótt hún sé í meira lagi óákveðin að orðalagi, er óhætt að fullyrða, að hún gefi a.m.k. tvöfalt hærri hugmynd um fjölda fólks í atvinnu erlendis á þessu tímabili en skynsamlegt er, og sennilega jafnvel þótt litið sé á hámarkstölu einstaklinga sem koma við sögu á tímabilinu, að ekki sé talað um meðalfjölda fólks í atvinnu erlendis á tímabilinu. En ráðningartala iðnaðarmanna, sem tekin var saman á s.l. hausti nam um 300 manns. Síðan hafa margir komið heim, en jafnframt orðið um einhverjar nýjar ráðningar að ræða. Hér mun málum þannig blandað, að átt sé við heildarfjölda brottfluttra frá landinu (sbr. skýrslu Hagstofunnar) án tillits til aðflutnings á hinn bóginn. En þótt brottflutningar hafi verið óvenju miklir á árinu, hafa þeir að jafnaði numið um 700-800 manns síðustu árin fram til 1968.

Síðari staðhæfingin gefur í skyn að þeir einstaklingar, sem glata bótarétti til atvinnuleysisbóta hverfi þar með af atvinnuleysisskrá. Þessu mun þó ekki að jafnaði þannig farið eins og m.a. kom fram í athugun Efnahagsstofnunarinnar á samsetningu atvinnuleysisins í ágúst/september s.l. Þetta er einnig staðfest með viðtali við ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EFNAHAGSSTOFNUNIN

## Ársfjórðungsleg skráning atvinnulausra manna í Reykjavík 1929 - 1969

| | Íbúatala 1.des. | Skráðir atvinnulausir | | | | Einfalt meðaltal ársfjórðungstalna | Meðalatvinnuleysi sem % af íbúatölu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1. febr. | 1. maí | 1. ág. | 1. nóv. | | |
| 1929 | 26.428 | 165 | 5 | 22 | 48 | 60 | 0.23% |
| 1930 | 28.052 | 39 | 3 | - | 90 | 33 | 0.12% |
| 1931 | 28.847 | 525 | 59 | 106 | 623 | 328 | 1.14% |
| 1932 | 30.565 | 550 | 205 | 633 | 731 | 530 | 1.73% |
| 1933 | 31.689 | 623 | 268 | 226 | 569 | 422 | 1.33% |
| 1934 | 32.974 | 544 | 190 | 390 | 719 | 461 | 1.40% |
| 1935 | 34.231 | 599 | 432 | 252 | 510 | 448 | 1.31% |
| 1936 | 35.300 | 596 | 720 | 226 | 609 | 538 | 1.52% |
| 1937 | 36.103 | 789 | 282 | 199 | 617 | 472 | 1.31% |
| 1938 | 37.366 | 690 | 345 | 316 | 804 | 539 | 1.44% |
| 1939 | 38.219 | 473 | 451 | 256 | 792 | 493 | 1.29% |
| 1940 | 38.196 | 526 | 459 | 166 | 100 | 313 | 0.82% |
| 1941 | 39.739 | - | - | - | - | - | - |
| 1942 | 40.902 | - | - | - | - | - | - |
| 1943 | 42.815 | 56 | 2 | 1 | 3 | 16 | 0.04% |
| 1944 | 44.281 | 61 | - | 1 | 21 | 21 | 0.05% |
| 1945 | 46.578 | 23 | - | 2 | - | 6 | 0.01% |
| 1946 | 48.954 | 2 | - | - | 1 | 1 | 0.00% |
| 1947 | 51.690 | 3 | 10 | - | 71 | 21 | 0.04% |
| 1948 | 53.384 | 37 | 42 | 14 | 19 | 28 | 0.05% |
| 1949 | 54.707 | 135 | 86 | - | 22 | 61 | 0.11% |
| 1950 | 55.980 | 221 | 42 | 75 | 251 | 147 | 0.26% |
| 1951 | 57.514 | 418 | 64 | 22 | 270 | 194 | 0.34% |
| 1952 | 58.761 | 718 | 70 | 52 | 81 | 230 | 0.39% |
| 1953 | 60.124 | 98 | 4 | 1 | 8 | 28 | 0.05% |
| 1954 | 62.035 | 4 | 2 | 2 | 8 | 4 | 0.01% |
| 1955 | 63.856 | 5 | 1 | 1 | 1 | 2 | 0.00% |
| 1956 | 65.305 | 8 | - | 1 | - | 2 | 0.00% |
| 1957 | 67.589 | 1 | 4 | - | - | 1 | 0.00% |
| 1958 | 69.268 | 20 | - | - | - | 5 | 0.01% |
| 1959 | 71.037 | - | - | - | - | - | - |
| 1960 | 72.407 | - | - | - | - | - | - |
| 1961 | 73.388 | 8 | - | - | - | 2 | 0.00% |
| 1962 | 74.978 | - | - | - | - | - | - |
| 1963 | 76.401 | - | - | - | - | - | - |
| 1964 | 77.220 | 1 | - | - | 1 | 0 | - |
| 1965 | 78.399 | - | - | - | - | - | - |
| 1966 | 79.202 | - | - | - | - | - | - |
| 1967 | 80.090 | - | - | 1 | 1 | 0 | - |
| 1968 | 81.026 | 467 | 32 | 210 | 79 | 197 | 0.24% |
| 1969 | 81.354 | 1361 | 373 | 439 | 364 | 634 | 0.78% |

Heimildir: Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar no 11, 1968.
Mannfjöldaskýrslur Hagstofu Íslands.
Félagsmálaráðuneytið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bjarni Markússon.

Beztu hamingjuóskir á afmælisdaginn.

Vimmi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GILDIR EKKI SEM KVITTUN

# SJÓVÁ SJÓVÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS HF.

LÍFTRYGGINGARDEILD

INGÓLFSSTRÆTI 5
TALSÍMI: 11700
PÓSTHÓLF 898
REYKJAVÍK

## TILKYNNING UM GJALDDAGA

ÚTGÁFUNR.

BENEDIKT VILMUNDARSON
HAAHLID 14
REYKJAVIK

SKÍRTEINI NR.
29016

| GJALDDAGI | LÍFTRYGGINGAR-UPPHÆÐ Í KR. | SÍÐASTA IÐGJALD GREIÐIST ÞANN | IÐGJALD KR. AU. |
|---|---|---|---|
| 01.04.70 | 20.000 | 01.04 1985 | 809.00 |

HÉR MEÐ TILKYNNIST YÐUR
AÐ IÐGJALDIÐ FYRIR TÍMABILIÐ FRÁ 1. APRIL 1970 TIL 1. APRIL 1971
FELLUR Í GJALDDAGA OFANGREINDAN DAG.

SJÓVÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS H.F.
LÍFTRYGGINGARDEILD

askjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS**
SUÐURGÖTU 22 — REYKJAVÍK

Krabbameinsleit og barátta gegn krabbameini í leghálsi byggist á tveim þáttum:

A. Að konur mæti.

B. Að tekið sé sýni frá leghálsi.

Ég vænti þess, að þér sýnið þann skilning og þroska á þessu málefni, að hafa samráð um hentugan tíma í næstu viku.

Tekið verður við beiðnum og fyrirspurnum svarað í síma 21625 kl. 9—12 f. h. alla virka daga nema laugardaga.

GJALD KR. 50

Virðingarfyllst,

Alma Þórarinsson

Suðurgötu 22, Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# HF. BRJÓSTSYKURSG

# HF. HREINN

Barónsstíg 2 — Sími 24144 — Pósthólf 574 — Reykjavík

VINSAMLEGAST SENDIÐ OKKUR GREIÐSLU HIÐ FYRSTA

*Með kveðju*

**HF. BRJÓSTSYKURSGERÐIN NÓI**
Barónsstíg 2 · Símar 24144 (þrjár línur)

BJARNI BENEDIKTSSON
HAUHLIÐ 14
REYKJAVIK

| NÓTA NR. | NÓTA DAGS. | MAGN | EIN. | VÖRUTEGUND | AFS. % | VERÐ Á EIN. | VERÐ | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16175 | 12-12 | 1,0 | KS | TOPAS | | 408,00 | 438,60 S | |
| | 12-12 | 1,0 | KS | KONFEKTKASSI NR. 23 | | 285,00 | 306,40 S | |
| | 12-12 | 6,0 | KS | ORANGE 225 G. | | 77,00 | 496,60 S | |
| | 12-12 | 1,0 | KS | KONSUM, STOR | | 540,00 | 580,50 S | |
| | | | | | | | | 1.822,10 |

REIKNINGSÚTSKRIFT

SAMTALS KR. 1.822,10

| | DAGS. | TEXTI | ÚTTEKIÐ | INNLAGT | JÖFNUÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| | | VÖRUUTTEKT I MAN | 1.822,10 | | |
| | | | | | 1.822,10 * |

PRENTSMIÐJAN ODDI HF. S = SÖLUSKATTUR INNIFALINN —* = INNEIGN * = SKULD S. E. & O.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# HF. BRJÓSTSYKURSGERÐIN NÓI
# HF. HREINN

Barónsstíg 2 — Sími 24144 — Pósthólf 574 — Reykjavík

BJARNI BENEDIKTSSON
HAUHLIÐ 14
REYKJAVIK

REIKNINGUR NR: 459 BLAD 1
VIÐSKIPTAM. NR. 4-5-12
REYKJAVÍK, 31-12-69

| NÓTA NR. | NÓTA DAGS. | MAGN | EIN. | VÖRUTEGUND | Afs. % | VERÐ Á EIN. | VERÐ | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16175 | 12-12 | 1,0 | KS | TOPAS | | 408,00 | 438,60 S | |
| | 12-12 | 1,0 | KS | KONFEKTKASSI NR. 23 | | 285,00 | 306,40 S | |
| | 12-12 | 6,0 | KS | ORANGE 225 G. | | 77,00 | 496,60 S | |
| | 12-12 | 1,0 | KS | KONSUM, STOR | | 540,00 | 580,50 S | |
| | | | | | | | | 1.822,10 |

REIKNINGSÚTSKRIFT

SAMTALS KR. 1.822,10

| | DAGS. | TEXTI | ÚTTEKIÐ | INNLAGT | JÖFNUÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| | | VÖRUUTTEKT I MAN | 1.822,10 | | |
| | | | | | 1.822,10 * |

PRENTSMIÐJAN ODDI HF. S = SÖLUSKATTUR INNIFALINN -- = INNEIGN * = SKULD S. E. & O.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Hf. Brjóstsykursgerðin Nói**
REYKJAVÍK

Nr. 11423 Reykjavík, 18/2. 1970

*Herra* Bjarni Benediktsson,
Rvk.

*hefir í dag greitt undirrituðum í reikning*

eitt þúsund átta hundruð tuttugu og tvær 10/00

*sem hér með kvittast fyrir.*

*Kr.* 1.822.10

**Hf. Brjóstsykursgerðin Nói**

J. Helgard.

innheimtumaður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# KVITTUN

Hr.forsætisráðhr.
Bjarni Benidiktsson
Háuhlíð 14
R.

**hefur greitt áskriftargjald fyrir SAMTÍÐINA árið 1970 kr. 200,00, sem kvittast fyrir.**

**F. h. Tímaritsins SAMTÍÐIN**

Sigurður Skúlason

Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÓLAFUR

&

TV

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

185
80
150

415

415

rskjalasafn Reykjavíkur

KONTANTNOTA MEDTAG
2. KUNDEXEMPLAR

| Varuhus | Försäljn.-avd. | Försäljare | Datum | KONTANT | Notanummer |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 136 | 15211 | 27/12 | | 076703 |

Namn

Adress

| Varuområde | Antal | Varuspecifikation | à-pris | Kronor | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2317 | 1 | Rep. av väska | | 11 | – |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |

AB NORDISKA KOMPANIET

Adresser och telefoner se omstående sida.

XI 27 69 559 0508 •• 0011.00 T

Ljósmynd Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Anmärkningar mot inköpta varor samt byten och returer.**

Ev. anmärkning mot inköpt vara skall för att kunna beaktas göras senast inom 3 dagar efter varans emottagande.

Anmärkning mot vara liksom framställning om byte eller återlämnande av vara bör riktas till den affärsavdelning, där varan inköpts. Härvid skall kassakvitto eller försäljningsnota å varan uppvisas. Utbyte eller återlämnande av realisationsvara kan icke medges liksom ej heller av vara som av kund begagnats eller skadats. Avhämtas vara genom NK:s försorg, skall budet alltid avfordras varumottagningsbevis.

**Skydd mot obehörigt begagnande av kundkonto.**

Det är uppenbarligen angeläget för våra kontokunder att alla rimliga åtgärder vidtas för att försvåra obehörigt begagnande av kundkonto. I kontokundernas eget intresse har därför våra försäljare ålagts att kontrollringa NK:s kontotjänst samt begära legitimation.

För att underlätta legitimationen tillhandahåller AB NK-KONTO varje kontoinnehavare ett numrerat kontobevis avsett att uppvisas för försäljaren vid köp å konto. Det är icke tillfyllest att endast uppge kontots nummer, som ju kan vara känt av obehöriga. Om kontobeviset icke medföres, erfordras därför annan legitimation.

**NK-koncernens adresser och telefonnummer:**

| Varuhusnr | Postadress | | Telefonnr |
|---|---|---|---|
| 1 NK-Hamngatan | Box 7159 | 103 83 Stockholm 7 | 08/23 00 00 |
| 2 NK-Farsta | Box 5 | 123 21 Farsta 1 | 08/94 04 00 |
| 4 Ferd. Lundquist | Box 311 | 401 25 Göteborg 1 | 031/17 33 00 |
| 5 NK-Malmö | Box 4080 | 203 11 Malmö 4 | 040/ 7 70 00 |

rna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

425.00
402.00
827.00 *

Samtals kr 889,03
620

SSON & CO. HF.
...FNARSTRÆTI 5 - REYKJAVÍK

AFGREIDSLUSEÐILL
MÓTTÖKUKVITTUN

| DAG | MÁN. | ÁR | VIÐSKIPTAM. NR. |
|---|---|---|---|
| 15 | 10 | 68 | 12620 |
| SÖLUMAÐUR | | SÖLUSKATTUR | |
| bygg 31 | | 7,5% | |

Bjarnadóttir

Sass

Nr 1965

| Vörunr. | Vöruheiti | Stærð | Magn | Eining | Einingarverð | Upphæð | Heildsöluverð smás. einingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13218 | Appelsínur | | 1 | kg | 402 | | |
| 13360 | 6 pk Stark Del. | | 1 | - | 425 | | |

G. Bjarnad.

24 OCT Entd

MÓTTEKIÐ:

AFHENT AF:

G.B.

...ptam.
...0790
...FIRLIT
...gt

1.378,10

S = Söluskattur innifalinn

* = Skuld
CR = Inneign

1,378,10 *

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...ERT KRISTJANSSON & CO. HF.

...MI 11400 - PÓSTHÓLF 899 - HAFNARSTRÆTI 5 - REYKJAVÍK

AFGREIÐSLUSEÐILL
MÓTTÖKUKVITTUN

| DAG | MÁN. | ÁR | VIÐSKIPTAM. NR. |
|---|---|---|---|
| 15 | 10 | 68 | 12620 |
| SÖLUMAÐUR | | SÖLUSKATTUR | |
| 6443 | | 7,5% | |

Guðrún Bjarnadóttir

Sels

Nr 1965

| Vörunr. | Vöruheiti | Stærð | Magn | Eining | Einingarverð | Upphæð | Heildsöluverð smás. einingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13218 | Appelsínur | | 1 | ks | 402 | | |
| 13340 | Epli Stark Del. | | 1 | - | 425 | | |

G. Bjarnad.

24 OCT 1968

MÓTTEKIÐ:

AFHENT AF: GJ

1.378,10

S = Söluskattur innifalinn

* = Skuld

CR = Inneign

1.378,10 *

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# EGGERT KRISTJÁNSSON & CO. H.F.

SÍMI 11400 - PÓSTHÓLF 899 - HAFNARSTRÆTI 5 - REYKJAVÍK

| Dag. | Mán. | Ár | Viðskiptam. nr. |
|---|---|---|---|
| 1- | 01- | 70 | 30790 |

BJARNI BENEDIKTSSON, RAÐHERR
HAUHLIÐ 14
REYKJAVIK

121/ 1

## REIKNINGSYFIRLIT

| Dag. Mán. | Nóta nr. | Vöruheiti / Texti | Magn | Pakn. | Einingarverð | Úttekið | Innlagt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15-12 | 18194 | EPLI AMERISK RED.DEL. | 2,00 | KS | 641,00 | 1.378,10 | S |

Greitt
Geir Helgason

| Vörukaup á árinu | Vörukaup í þessum mánuði |
|---|---|
| 620,20 | 1.378,10 |

S = Söluskattur innifalinn

* = Skuld
CR = Inneign

1.378,10 *

1068 3X10000 PRENTSMIÐJAN ODDI H.F.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/2 l vatn

125 gr. suk i 4 desel.

30 - sykur

10 - kartöflum 1 desl.

vanilledropar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 47

Bjarni Benediktsson

Háahlíð 14

HAGPRENT H.F

| 19 | Afgr.: | @ | Kr. | au. |
|---|---|---|---|---|
| | 4677-4678 | | 200 | oo |

RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Greitt

G. P.

safn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HR. FORSÆTISRAÐHERRA BJARNI BENEDIKTSSON
HAUHLIÐ 14

**BORGARVERKFRÆÐINGURINN
Í REYKJAVÍK**

SKÚLATÚNI 2 SÍMI 18000

| DAGS. | VERKB. 1974 | ÚTTEKIÐ | SAMTALS |
|---|---|---|---|
| -61069 | AN. VINNULAUN | 198800 | |
| | TR. OG UMSJ. 35% AF VINNUL. | 69580 | 268380* |

Vinsamlega sendið greiðslu til innheimtudeildar borgarverkfræðings, Skúlatúni 2, R.

GREITT
f.h. borgarverkfræðingsins
í Reykjavík

S.E.&D.

01116

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra
Háuhlíð 14

Vakt. 1974

| | |
|---|---|
| Vinnulaun | 1.988.00 |
| Tr & umsjón 35% af vinnul | 695.80 |
| | 2.683.80 |

Nr. 1974

ATHUGASEMDIR
...ESS, JAFNÓÐUM
...K LOFA ÉG AÐ
...TÚNI 2, III. HÆÐ,
...ÐI.

...KVÆMD FALIN:

VERKSTJÓRA

| Aths. | Launþe | 83. | Aths. | Launþe | 82. |
|---|---|---|---|---|---|

BOR

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARSJÓÐUR REYKJAVÍKUR** VERKBEIÐNI №. 1974

HÉRMEÐ LEYFI ÉG MÉR AÐ ÓSKA ÞESS AÐ REYKJAVÍKURBÆR FRAMKVÆMI Á MINN KOSTNAÐ EFTIRTALIÐ VERK:

Slá og hreinsa lóð
Bjarna Benediktssonar
Háuhlíð 14

ÉG MUN FYLGJAST MEÐ FRAMKVÆMD VERKSINS OG GERA ATHUGASEMDIR MÍNAR UM ÞAÐ, EF EINHVERJAR VERÐA, VIÐ VERKSTJÓRA ÞESS, JAFNÓÐUM OG ÞVÍ MIÐAR ÁFRAM. – GREIÐSLU FYRIR OFANRITAÐ VERK LOFA ÉG AÐ INNA AF HENDI Í SKRIFSTOFU BÆJARVERKFRÆÐINGS, SKÚLATÚNI 2, III. HÆÐ, ÞEGAR ÉG FÆ TILKYNNINGU UM, HVERSU MIKIÐ ÞAÐ KOSTAÐI.

REYKJAVÍK, 22/7 19 69

FULLT NAFN OG HEIMILISFANG

SAMÞYKKT AÐ LÁTA FRAMKVÆMA OFANGREINT VERK OG FRAMKVÆMD FALIN:

Theodór Halldórsson VERKSTJÓRA

REYKJAVÍK,

Aths. Launþe 83. Aths. Launþe 82.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BORGARSJÓÐUR REYKJAVÍKUR** 30. v. Laun Bjarna Benediktssonar Tímabil

| Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | Gjaldliður | Taxti | Dagv. | Eftirv. | Næturv. | Ál. | Op. gjöld | A. frádrátt. | A. kaup | | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 83. 3356-2829 | 1 | 75 | 30 '69 | 12-5-01-974 | 230 | 13 | 2 | | | | | | Dv. | 13 |
| Launþegi: Gunnar Gunnarsson | | | | | | | | | | | | | Ev. | 2 |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |
| 83. 7875-3420 | 1 | 75 | 30 69 | — " — | 230 | 13 | 2 | | | | | | Dv. | 13 |
| Launþegi: Sigurður R. Jakobsson | | | | | | | | | | | | | Ev. | 2 |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |
| Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | | | | | | | | | | Dv. | |
| Launþegi | | | | | | | | | | | | | Ev. | |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |
| Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | | | | | | | | | | Dv. | |
| Launþegi | | | | | | | | | | | | | Ev. | |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |
| Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | | | | | | | | | | Dv. | |
| Launþegi | | | | | | | | | | | | | Ev. | |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |
| Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | | | | | | | | | | Dv. | |
| Launþegi | | | | | | | | | | | | | Ev. | |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |
| Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | | | | | | | | | | Dv. | |
| Launþegi | | | | | | | | | | | | | Ev. | |
| Aths. | | | | | | | | | | | | | Nv. | |

Dags. ____________ Undirskrift Theodór Halldórsson Afgreitt ____________ Gatað ____________

30. vika '69.

Nrkb. 1974.

Kr. 1.988.00

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK LAUNADEILD

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BORGARSJÓÐUR REYKJAVÍKUR 30. v

Hauhlíð 14

Lóð Bjarna Benediktssonar Tímabil 20/7 til 26/7 19 69

| Nr. | Nafnnúmer | Sksp. | Bók/deild | Vika (mán.) ár | Launþegi | Aths. | Gjaldliður | Taxti | Dagv. | Eftirv. | Næturv. | Ál. | Op. gjöld | A. frádrátt. | A. kaup | | Alls | Su. | Má. | Þri. | Mi. | Fi. | Fö. | Lau. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 83. | 3356-2829 | 1 | 75 | 30 '69 | Gunnar Gunnarsson | | 12-5-01-974 | 230 | 13 | 2 | | | | | | Dv. | 13 | | | 4 | 9 | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | 2 | | | 1 | 1 | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |
| 83. | 7875-3420 | 1 | 75 | 30 69 | Sigurður R. Jakobsson | | — " — | 230 | 13 | 2 | | | | | | Dv. | 13 | | | 4 | 9 | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | 2 | | | 1 | 1 | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Dv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Dv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Dv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Dv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Dv. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ev. | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | Nv. | | | | | | | | |

Dags. ________ Undirskrift Theodór Halldórsson Afgreitt Gatað

Borgarskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Sigfússon

Árni Kjartansson

Vogaveg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur